

9.tbl.

5. mars. 2025

32 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Land og skógur

## Ertu að leita að sumarstarfi?

Land og skógur í Vaglaskógi óskar eftir fólki til fjölbreyttra starfa sumarið 2025.

- Starfstíminn er frá því í byrjun júní og fram yfir miðjan ágúst.
- Meðal annars getur verið um að ræða vinnu á tjaldsvæðum.

### Skilyrði

- Hafa náð 18 ára aldri.
- Hafa bílpróf.
- Vera talandi á íslensku og ensku.
- Eiga auðvelt með mannleg samskipti.
- Vera sjálfstæð/ur og drífandi.

Launakjör skv. kjarasamningi Starfgreinasambandsins.

Í boði er ókeypis fæði og húsnæði.

Upplýsingar veitir Rúnar Ísleifsson, sími: 896 3112, netfang:

[runari@logs.is](mailto:runari@logs.is)



## Vantar þig skemmtilega aukavinnu í sumar

**Tjaldsvæðið Systragil**, Fnjóskadal, beint á móti Vaglaskógi, óskar eftir starfsmanni í *hlutastarf í sumar, eitt til tvö kvöld í viku*. Starfsmaður þarf að vera talandi á íslensku og ensku, vera 18 ára +. (Möguleiki á styrk vegna aksturs)

*Vinnutími er frá 19.30 – 22.30.*

Áhugasamir hafi samband í síma 8498902

## Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**hlaupastelpan@isl.is**

**Verðskrá:**  
*Hálfsíðuauglýsing* kr. 4.600.- m. vsk.  
*heilsíðuauglýsing* kr. 6.620.- m. vsk.

*Hlaupastelpunar er að finna á :*

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>



## Aðalfundur U.M.F. Bjarma 2025

verður haldinn í

Gamla Barnaskólanum í Skógum

**mánudagskvöldið 10. mars**

**kl. 20:00.**

Hefðbundin aðalfundarstörf og breytingar á lögum  
félagsins á dagskrá.

Veglegar veitingar að hætti stjórnar.

Allir velkomnir!

Stjórnin, Úlla, Sigga og Kalli

## KÓTILETTUKVÖLD Í JARÐBÖÐUNUM

Nú er komið að fyrsta fimmtudegi marsmánaðar og þá bjóðum við upp á kótilettur frá kl. 18:00-19:30, eða meðan birgðir endast.

Verðið er 3.000 krónur, 2.000 krónur fyrir börn 4-12 ára og frítt fyrir 3ja ára og yngri. Hægt að setjast niður eða taka með og ef þið kjósið að taka með þá hvetjum við ykkur til að koma með eigin box til að minnka rusl. Við mælum eindregið með því að panta fyrirfram með því að senda okkur skilaboð á Facebook eða hringja í síma 464-4411, í síðasta lagi fyrir hádegi samdægurs.

Kærar kótilettukveðjur frá starfsfólki Jarðbaðanna!



# VÖFFLU KAFFI

*í Skóguum*



Í tilefni af Vetrarhátíð heldur Kvenfélag Fnjóskdæla  
vöflukaffi til styrktar kaupum á skíðagönguspora í  
Vaglaskóg!

Hvað er betra á sunnudegi en ilmurinn af nýbökðuðum  
vöflum?

SUNNUDAG 9. MARS  
FRÁ KL. 14:00-18:00

Fullorðnir: vaffla 1000 kr. kaffi 500 kr. ábót (vöflur) 500 kr.  
Börn: 14 ára og yngri, vaffla og safi, mjólk, 500 kr.

Enginn posi á staðnum.

Verið hjartanlega velcomin í Skóga,  
*...rauða húsið við Vaðlaheiðargöngin*

Hlökkum til að sjá ykkur,  
Kvenfélag Fnjóskdæla



# Þingeyjarskóli, tvö laus störf í mötuneyti

## Aðstoð í eldhúsi

Við óskum eftir að ráða starfsfólk í mötuneyti Þingeyjarskóla. Um er að ræða tvær stöður:

- 80% starfshlutfall.
- 65% starfshlutfall.

**Ráðið er í stöðurnar frá 1. apríl n.k. eða eftir nánara samkomulagi.**

## Helstu verkefni

- Vinnur undir leiðsögn yfirmatráðs.
- Þátttaka í matseld fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.
- Sér um að matur sé samkvæmt lýðheilsuámarkmiðum, hollur, fjölbreyttur og snyrtilega framborinn.
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulagshæfni, snyrtimennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskipum og frumkvæði í starfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki.

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars og skulu umsóknir berast á netfangið [lilja@thingskoli.is](mailto:lilja@thingskoli.is)**

Frekari upplýsingar veitir Lilja Friðriksdóttir, skólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst [lilja@thingskoli.is](mailto:lilja@thingskoli.is) og í síma 464-3580/847-2372.



REKSTUR OG VIÐHALD Á MÝVATNSSVÆÐI

# Viltu vakta auðlindina?

Í grænu hagkerfi er lykilatriði að fara vel með þær auðlindir og eignir sem við þösum fyrir komandi kynslóðir. Auk þess að vinna rafmagn úr endurnýjanlegum auðlindum leggjum við hjá Landsvirkjun áherslu á að viðhalda mannvirkjum okkar sem best, til að lengja líftíma þeirra og fá sem mest út úr þeim.

Við óskum eftir að ráða vélfræðing í öflugt teymi rekstrar og viðhalds á Mývatnssvæðinu, en þar rekum við Gufustöðina í Bjarnarlagi, Kröflustöð og Þeistareykjastöð. Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja og er það mjög fjölbreytt og skemmtilegt starf. Unnið er á vöktum.

## Hæfni og þekking:

- Vélfræðimenntun
- Þekking á viðhaldi búnaðar: loft-, véla-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Þekking í teikningalestri, ástandsmælingum og stjórnkerfum er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Góð tölvakunnátta

## Umsóknarfrestur er til og með 10. mars

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar: [landsvirkjun.is/storf](https://landsvirkjun.is/storf)

Fyrirspurnum má beina til Elvars Magnússonar stöðvarstjóra: [elvarm@lv.is](mailto:elvarm@lv.is)